



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Jón Geir Pétursson, formaður verkefnisstjórnar
verndar- og orkunýtingaráætlunar
Hamravík 40
112 Reykjavík

Reykjavík 13. september 2022
Tilv.: UMH22080032/12.2

Á síðasta vorþingi lagði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fram tillögu til þingsályktunar um vernd- og orkunýtingu landsvæða. Tillagan var lögð fram óbreytt frá þeim tillögum sem verkefnisstjórn þriðja áfanga áætlunarinnar skilaði til ráðherra árið 2016. Við vinnslu málsins á Alþingi lagði meiri hluti umhverfis- og samgöngunefndar fram tillögur til breytinga á flokkun nokkurra virkjunarkosta og þann 15. júní sl. samþykkti Alþingi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða með tilteknum breytingum. Þær breytingar sem snerta vinnu verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar eru tilfærslur á virkjunarkostum úr nýtingarflokki annars vegar og verndarflokki hins vegar yfir í biðflokk. Þær breytingar hafa í för með sér að viðkomandi virkjunarkostir fara aftur til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn áætlunarinnar. Um er að ræða eftirtalda virkjunarkosti:

- Skrokkalda – úr nýtingarflokki yfir í biðflokk.
- Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í neðri hluta Þjórsár – úr nýtingarflokki í biðflokk.
- Héraðsvötn (4 virkjunarkostir) – úr verndarflokki í biðflokk.
- Kjalölduveita – úr verndarflokki í biðflokk.

Í nefndaráliti meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar eru raktar ástæður þess að teknar voru ákvarðanir um að breyta flokkun ofangreindra virkjunarkosta. Það er mat ráðuneytisins að við vinnuna fram undan hjá verkefnisstjórn og faghópum beri að horfa til þess rökstuðnings sem fram kemur í fyrrnefndu nefndaráliti. Sem dæmi er tiltekið í álitinu hvað varðar Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun að meiri hlutinn telji „nauðsynlegt að leggja til þá breytingartillögu að virkjunarkostirnir Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði flokkaðir í biðflokk þar til umfjöllun um samfélagsleg áhrif fyrirhugaðra virkjana á nærsamfélagið á grundvelli nýrrar nálgunar í aðferðafræði faghópa 3 og 4 verði lokið.“ Ráðuneytið bendir á að það liggur því fyrir í tilviki þessara tilteknu virkjunarkosta að það þurfi að skoða betur samfélagsleg áhrif viðkomandi virkjunarkosta og það hafi verið ástæða breytinganna.

Í ljósi þessa beinir ráðuneytið því til verkefnisstjórnar að miða umfjöllun þeirra virkjunarkosta sem um ræðir við það sem fram kemur í nefndaráliti meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar frá 10. júní sl. (þingskjal 1210, 332. mál á 152. löggjafarþingi).

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Svana Helgadóttir

Hafsteinn S. Hafsteinsson